



*Ársskýrsla um skólahald 2007  
Framkvæmd skólasamnings  
Ársáætlun 2008*

# Ársskýrsla um skólahlald árið 2007 – framkvæmd skólasamnings

## 1. Skólastarfið 2007

Stjórnendaskipti urðu við Menntaskólann á Ísafirði á árinu. Ingibjörg Guðmundsdóttir skólameistari, lét af störfum eftir vorönnina. Jón Reynir Sigurvinsson var ráðinn skólameistari til fimm ára. Hildur Halldórsdóttir hefur verið ráðin sem aðstoðarskólameistari til fimm ára og Friðgerður Guðný Ómarsdóttir hefur verið endurráðin til fjögurra ára sem áfangastjóri.

Menntaskólinn á Ísafirði er skipaður góðu starfsfólki og kennurum sem eru metnaðarfullir og áhugasamir. Um þetta eru nemendur skólans sammála eins og fram kom í kennslukönnun sem lögð var fyrir þá á vorönn 2006. Þetta sýndi sig einnig á starfsdögum kennara í vor og svo aftur á starfsdögum haustannar 2007. Margar góðar tillögur um umbætur í skólastarfi voru samþykktar og er verið að hrinda þeim í framkvæmd. Sérstaklega ber nefna að umsjón hefur verið aukin með nemendum yngri en 18 ára. Viðtalsherbergi fyrir umsjónarkennara eru á heimavist skólans á svokallaðri fjórðu bekkjarvist. Er það von okkar að þessi ráðstöfun muni verða nemendum til góðs og minnki brottfall nemenda. Þá hefur sú breyting verið gerð að það er nú í valdi hvers kennara að ákveða hvort nemandi sem náð hefur 95% mætingu í lok annar og 8,5 í námsmati fari í lokapróf eða ekki.

Stjórnendur og kennarar iðngreina hafa í allmörg ár lagt sérstaka áherslu á að bæta tækjabúnað og kennsluáðstöðu verknámsbrauta og haldið sérstakar kynningar á verknámsbrautum. Boðið hefur verið upp á einhverjar nýjar námsbrautir eða einstakar nýjar námsgreinar á hverju ári s.l. 20 ár. Fjölbreytt námsframboð er líklega ein aðalástæða aukinnar aðsóknar að skólanum og þá sérstaklega í verknámsgreinar. Eins má benda á að bætтар samgöngur á norðanverðum Vestfjörðum hafa einnig auðveldað nemendum að stunda nám hér. Samgöngur milli norður- og suðurhluta Vestfjarða eru með þeim hætti að mjög fáir nemendur frá sunnanveðum Vestfjörðum hafa séð sér fært að stundað nám hér.

Föstudaginn 31. ágúst kom Hafdís Ingvarsdóttir dósent við uppeldis og menntunarfræðiskor við Háskóla Íslands og hélt hér námskeið fyrir kennara í boði skólans. Námskeiðið kallaði hún "Vandinn að virkja" og fjallaði um hvernig efla skuli virkni nemenda í kennslustundum og einnig í heimanámi. Var þetta liður í viðbrögðum skólans við þeirri ?!

Verkefnisstjóri Framtíðar í nýju landi *Anh-Dao Tran* bauð stjórnendum skólans að senda kennara á námskeið um Rassias-aðferðina við kennslu erlendra tungumála. Skólinn þáði þetta boð með þökkum og sendi þrjá kennara á þetta námskeið sem haldið var í Reykjavík 15.-19. október. Er þetta liður í að efla þetta starf og gera kennara færari í kennslu nemenda sem hafa annað móðurmál en íslensku.

Þann 15. nóvember var haldið námskeið um dreifnám fyrir kennara. Fyrirlesari var Sigurlaug Kristmannsdóttir umsjónarmaður fjarnáms við Verslunarskóla Íslands og ein af fyrstu nemendum Menntaskólans á Ísafirði. Er þetta einn liður í því að efla enn frekar dreifnám við skólann.

Í ágúst gengu Menntaskólinn á Ísafirði og 3X Technology ehf. frá samstarfssamningi um kennslu í stálsmíði en undirbúningur hafði staðið yfir frá byrjun vorannar. Yfirlýst markmið samningsins er að auka námsframboð og bæta gæði iðnnáms við menntaskólann. Þetta verður gert með framúrskarandi verknámþjálfun þar sem stuðst er við nýjustu tækni þar sem starfsþjálfunin fer fram utan skólans. Samningurinn gildir til næstu fimm ára og samkvæmt honum lætur 3X skólanum í té aðgang að húsnæði og tækjum til kennslu í sérgreinum stálsmíða fyrir allt að 10 nemendur í einu, endurgjaldslaust. Þá er stefna 3X að hafa að minnsta kosti fimm nemendur í einu á námssamningi í stálsmíði út samningstímann en nú þegar eru 7 nemendur á samningi hjá 3X. Þessi samningur hefur mikla þýðingu fyrir skólann og færir hann í fremstu röð hvað varðar gæði kennslu og aðstöðu í málmiðngreinum.

Nemendum í málmiðngreinum er með þessu gert kleift að ljúka sveinsprófi í stálsmíði í heimabyggð eftir þriggja ára nám í skóla að viðbætti starfsþjálfun í 60 vikur. Ávinningur 3X er einnig mikill þar sem þessir nemendur eru líklegir til að festa rætur í heimabyggð og tryggja þannig áframhaldandi vöxt fyrirtækisins.

## 2. Framkvæmd skólasamnings

Rekstrarniðurstaða Menntaskólans á Ísafirði fyrir síðasta ár sýnir tekjuafgang upp á tæpar 17 milljónir. Nýttar fjárheimildir eru um 93% af framlagi úr ríkissjóði þrátt fyrir verulega aukið námsframboð og hefur það líklega aldrei verið meira í sögu skólans. Þetta sýnir vel þann árangur sem náðst hefur af bindingu áfangakerfisins, samkennslu áfanga og skerðingu fámennra áfanga og almennu aðhaldi í rekstri skólans. Haustið 2004 var áfangakerfi skólans breytt þannig að í stað þess að binda námsframboðið eins og verið hafði frá því að áfangakerfið var tekið upp um 1980 var framboð áfanga látið ráðast af vali nemenda og í raun allir áfangar í boði haust og vor ef frá eru taldar faggreinar verknámsbrauta sem voru áfram bundnar að mestu. Þetta leiddi til þess að vikulegum kennslustundum fjölgaði verulega eins og sést í töflu 3.

Frá haustönn 2003 til haustannar 2005 fjölgar kennslustundum um 72 en innrituðum ársnemendum fjölgaði um 10. Í mörg ár á undan hafði mikil vinna verið lögð í hagræðingu í kennslu án þess að skerða námsframboð skólans. Rekstrarhalla skólans frá árunum 2004-2006 má að mestu leyti rekja til þeirrar ákvörðunar að sleppa áfangakerfinu lausu. Þegar nýir stjórnendur koma til starfa um mitt ár 2006 var fyrsta verkefni þeirra að hagræða og spara í kennslu á báðum önnum vegna rekstrarhalla skólans. Frekari hagræðing var gerð á haustönn 2007. Vélstjórn 1. stigs og grunndeild málmiðna voru sameinaðar á fyrstu önn og þannig hagrætt um 28 kest. Á haustönn nam sameining áfanga samtals 36 kest hagræðingu og skerðing vegna fámennra áfanga nam 6 kest hagræðingu. Á haustönn 2005 voru innritaðir ársnemendur samtals 320 eða 6 fleiri en á haustönn 2007. Á sama tíma fækkaði kennslustundum um 98,5 í dagskóla. Þetta nemur 4,4 stöðugildum kennara miðað við að meðalkennsluskylda í MÍ er 22,5 kest.

### 3. Ársreikningur 2007

<b>Rekstrarreikningur</b>			
<b>Menntaskólinn á Ísafirði</b>			
<b>02-306</b>			
	Reikningur 2007	Reikningur 2006	Fjárheimildir 2007
<b>Tekjur</b>			
Sértekjur.....	15.159.976	19.225.964	10.300.000
Markaðar tekjur.....	0	0	0
Aðrar rekstrartekjur.....	4.276.712	522.065	2.500.000
<b>Tekjur samtals</b>	<b>19.436.688</b>	<b>19.748.029</b>	<b>12.800.000</b>
<b>Gjöld</b>			
Almennur rekstur.....	<b>250.059.972</b>	<b>250.322.031</b>	<b>260.320.943</b>
101 Menntaskólinn á Ísafirði.....	250.059.972	250.322.031	260.320.943
<b>Gjöld samtals</b>	<b>250.059.972</b>	<b>250.322.031</b>	<b>260.320.943</b>
<b>Tekjur umfram gjöld</b>	<b>-230.623.284</b>	<b>-230.574.002</b>	<b>-247.520.943</b>
Framlag úr ríkissjóði	247.520.943	212.584.044	247.520.943
<b>Hagnaður/tap ársins</b>	<b>16.897.659</b>	<b>-17.989.958</b>	<b>0</b>

### Rekstraryfirlit ársins - 2007

Heiti	Rauntölur	Rekstraráæt- lun	Frávik	Raun 2006	2006+ 4%
Dagvinna	121.726.496	122.501.75 4	-775.258	121.338.135	126.191.660
Vaktaálag	0	0	0	7.440	7.738
Aukagreiðslur	1.519.034	0	1.519.034	3.327.061	3.460.143
Yfirvinna	30.975.651	23.394.776	7.580.875	26.540.890	27.602.526
Launatengd gjöld	32.294.940	30.113.042	2.181.898	32.191.827	33.479.500
Laun	<b>186.516.121</b>	<b>176.009.57 2</b>	<b>10.506.549</b>	<b>183.405.353</b>	<b>190.741.567</b>
Fundir, námskeið og risna	591.794	531.930	59.864	472.596	491.500
Ferða og dvalarkostnaður innanlands	1.630.480	0	1.630.480	1.296.476	1.348.335
Ferða og dvalarkostnaður erlendis	156.615	2.341.960	-2.185.345	67.500	70.200
Akstur	281.350	271.176	10.174	673.000	699.920
Ferðir, skólagjöld, félagsgjöld	<b>2.660.239</b>	<b>3.145.066</b>	<b>-484.827</b>	<b>2.509.572</b>	<b>2.609.955</b>
Tímarit, blöð og bækur	788.920	876.120	-87.200	833.516	866.857
Skrifstofuvörur og áhöld	2.430.515	1.637.510	793.005	1.965.612	2.044.236
Aðrar vörur	3.163.878	2.783.767	380.111	2.899.962	3.015.960
Skrifstofuvörur, bækur, kennsluefni	<b>6.383.313</b>	<b>5.297.397</b>	<b>1.085.916</b>	<b>5.699.090</b>	<b>5.927.054</b>
Önnur sérfræðipjónusta	4.542.165	5.162.850	-620.685	7.139.531	7.425.112
Tölvu- og kerfisfræðipjónusta	936.527	2.148.580	-1.212.053	131.991	137.271
Prentun, póstur, augl., flutningar	1.491.541	1.840.390	-348.849	1.913.130	1.989.655
Sími og ýmis leigugjöld	7.864.734	2.623.210	5.241.524	7.775.051	8.086.053

Tölvubúnaður og rekstur, Inna, FS-net, Námskjár, Microsoft	<b>14.834.967</b>	<b>11.775.030</b>	<b>3.059.937</b>	<b>16.959.703</b>	<b>17.638.091</b>
Verkkaup og byggingavörur	973.972	692.878	281.094	660.931	687.368
Rafmagn og heitt vatn	4.688.450	5.037.690	-349.240	5.037.330	5.238.823
Húsaleiga og aðk. ræsting	28.701.092	23.191.880	5.509.212	24.784.211	25.775.579
Fasteignagjöld og tryggingar	8.625	0	8.625	0	0
Húsnæðisrekstur	<b>34.372.139</b>	<b>28.922.448</b>	<b>5.449.691</b>	<b>30.482.472</b>	<b>31.701.771</b>
Brennslufni og olíur	2.754	57.365	-54.611	12.974	13.493
Verkstæði og varahlutir	48.899	33.376	15.523	18.053	18.775
Vélsmiðjur	<b>51.653</b>	<b>90.741</b>	<b>-39.088</b>	<b>31.027</b>	<b>32.268</b>
Vextir, bætur, skattar	299.656	65.709	233.947	228.382	237.517
Eignakaup	4.881.984	10.890.000	-6.008.016	11.001.432	11.441.489
Tilfærslur	59.900	0	59.900	5.000	5.200
Eignakaup	<b>5.241.540</b>	<b>10.955.709</b>	<b>-5.714.169</b>	<b>11.234.814</b>	<b>11.684.207</b>
	<b>250.059.972</b>	<b>236.195.963</b>	<b>13.864.009</b>	<b>250.322.031</b>	<b>260.334.912</b>
Markaðar tekjur	0	0	0	0	0
	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
Sértekjur	-15.159.976	-6.940.000	-8.219.976	-19.225.964	-19.995.003
	<b>-15.159.976</b>	<b>-6.940.000</b>	<b>-8.219.976</b>	<b>-19.225.964</b>	<b>-19.995.003</b>
Aðrar rekstrartekjur	-4.276.712	-4.470.000	193.288	-522.065	-542.948
	<b>-4.276.712</b>	<b>-4.470.000</b>	<b>193.288</b>	<b>-522.065</b>	<b>-542.948</b>
Rekstrarniðurstaða	230.623.284	224.785.963	5.837.321	230.574.002	239.796.962

Fjárheimildir frá ríkissjóði	Nýtt fjárheimild		Yfir áætlun	
	93%		3%	
<b>Tegund</b>	<b>Heimild 2007</b>		<b>Heim 2006</b>	
0230610000 - Menntaskólinn á Ísafirði fjárheimild tekjur	44000 - Aðrar rekstrartekjur	-2.500.000		-2.700.000
0230610100 - Almennur rekstur	40000 - Sértekjur	-10.300.000		-9.200.000
0230610100 - Almennur rekstur	51000 - Laun	208.675.943		180.100.015
0230610100 - Almennur rekstur	52000 - Önnur rekstrargjöld	44.445.000		38.784.029
0230610100 - Almennur rekstur	58000 - Eignakaup	7.200.000		5.600.000
0230610100 - Almennur rekstur	AR - Flutt frá fyrra ári	-26.994.132		-9.004.174
	<b>Heimildir ársins 2007</b>	<b>247.520.943</b>		
	<b>Tap fyrri ára</b>	<b>-26.994.132</b>		
	<b>Heimildir ársins 2006</b>	<b>212.584.044</b>		
	<b>Tap fyrri ára</b>	<b>-9.004.174</b>		

#### 4. Nemendafjöldi og námsframboð

Við upphaf vorannar 2007 hófu 297 nemendur nám í skólanum og til prófs gengu 292 nemendur eða 274 ársnemendur. Þann 1. febrúar voru 319 nemendur við nám þar af 22 dreifnámsnemendur en innritun í dreifnám var ekki lokið fyrir en í lok janúar. Ekki var starfrækt öldungadeild á vorönn. Í töflu 1 sést hvernig nemendur skiptust á brautir við upphaf vorannar.

Verknámsnemar voru samtals 60 og er það nokkur aukning frá fyrri árum. Í almenna námsbraut eru þeir nemendur skráðir sem þurfa ekki hafa uppfyllt inntökuskilyrði í þær brautir sem óskað var eftir og eru þetta nemar á fyrsta og öðru ári bóknáms. Námsframboð og skipting nema á brautir kemur fram í töflu 1 og 2.

Tafla 1. Skipting nema á námsbrautir við upphaf vorannar 2007.

Braut	Skýring - Heiti námsbrauta	Fjöldi	%
AN	Almenn námsbraut	52	16
FÉ	Félagsfræðabraut	99	31
VH	Viðskipta- og hagfræðibraut	4	1
NÁ	Náttúrufræðibraut	76	24
SB	Starfsbraut	8	3
SJ	Sjúkraliðabraut	20	6
GRAF02	Grunndeild rafiðna	1	0,3
SM8	Húsasmíðabraut	17	6
MG	Grunnnám málmiðngreina	17	6
VV1	Vélstjórnarbraut 1. stig	10	3
VV2	Vélstjórnarbraut, 2. stig	15	5
	<i>Samtals höfðatala eftir töflubreytingar</i>	319	

Tafla 2. Skipting nema á námsbrautir við upphaf haustannar 2007.

Braut	Skýring - Heiti námsbrauta	Fjöldi	%
AN	Almenn námsbraut	53	15
FÉ	Félagsfræðabraut	85	25
VH	Viðskipta- og hagfræðibraut	6	2
NÁ	Náttúrufræðibraut	56	16
HG9	Viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsnámsbrautum	1	0,3
SB	Starfsbraut	5	1
SJ	Sjúkraliðabraut	21	6
GRAF02	Grunndeild rafiðna	1	0,3
MG	Grunnnám málmiðngreina	11	3
VSS	Stálsmiði - iðnnám á verknámsbraut	10	3
SM8	Húsasmíði - iðnnám á verknámsbraut	10	3
HÚ9	Húsasmíði - samningsbundið iðnnám	7	2
GBM	Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina	3	1
VV1	Vélstjóranám 1.stig	18	5
VV2	Vélstjóranám 2.stig	12	3
HG	Hársnyrtiðnbraut	10	3
MEI	Almennt iðnmeistaránám	18	5
STÚ	Samfélagstúlkun	17	5
	<i>Samtals höfðatala:</i>	343	

Á haustönninni hófu 339 nemendur nám við skólann sem töldu samtals 320 ársnemendur. Alls bárust 86 umsóknir um nýskráningu í skólann. Nýnemar úr grunnskóla voru 54, sjö komu með mat úr öðrum skólum og 25 endurinnrituðu sig eftir hlé frá námi hér. Til

samanburðar þá var 71 nýnemi innritaður við upphaf síðasta skólaárs sem er 24% fækkun. Til prófs mættu 331 nemi eða 302 ársnemendur og mælist því brottfall vera 5,6 %.

Þrjár nýjar brautir hófu göngu sína á haustönn:

**Hársnyrtiðnbraut** er samsett af snyrti- og hársnyrtifræði og er fjögurra anna nám. Kennsluaðstaða var leigð af hárl- og snyrtistofunni Ametyst sem er staðsett á Eyrinni en útbúin var glæsileg kennsluadstaða í kjallara heimavista í lok ársins og er stefnt að því að kennsla hefjist þar á vorönn. **Samfélagstúlkun** er 30 eininga nám sem kennt er á þremur önnum. Þessar brautir voru eingöngu í boði hér. Samfélagstúlkun er nýjung og hófst kennsla í lok september. Í námið voru skráðir 20 nemendur þ.e. 15 hér á Vestfjörðum og 5 á Austurlandi. Kennslan fór fram með sama fyrirkomulagi og í meistaranáminu en að auki hafa kennarar tekið kennslustundir markvisst upp á námsvefinn fyrir Austfirðingana. Hér er um öflugan hóp að ræða og eru flestir nemendur frá Póllandi. Kennsluhættir í samfélagstúlkun miðast að öllu leyti að því að nemendur í dreifðu námi standi jafnfætis staðarnemendum.

**Stálsmíðin** fór vel af stað og gekk samstarfið við 3X Technology afar vel. Sjö nemendur með annað móðurmál en íslensku stunduðu nám við skólann og þar af tveir skiptinemar.

Á haustönn voru 101 nemar á iðnnámsbrautum eða 29,8% af höfðatölu og hafa þeir aldrei verið fleiri. Þar sem of fáir nemendur skráðu sig í grunndeild byggingariðna og grunndeild rafíðna þá varð að fella kennslu niður í sérgreinum brautanna. Um miðjan september hófst kennsla í almennu meistaranámi þar sem boðið var upp á tíu vikna nám. Kennt var einu sinni í viku þar sem kennarar hittu sína nemendur 1 klst. í viku en að auki fengu nemendur þjónustu á námsvef skólans eins og aðrir dreifnámsnemar. Fjórar greinar voru í boði eða samtals 10 einingar og hafa 17 iðnnemar sem lokið hafa sveinsprófi stundað námið.

Of margir nemendur heltast smám saman úr lestinni þegar líða tekur á önnina. Þetta gerist þrátt fyrir aukna umsjón með nemendum, námsráðgjöf, ítrekaðar áminningar vegna óviðunandi skólasóknar, viðtöl við nemendur og að haft sé samband við foreldra. Slíkir nemendur eru hiklaust skráðir úr áföngum og það skýrir brottfallið að stórum hluta.

Hægt hefði verið að bæta 36 nýnemum á verknámsbrautir 1. árs við innritun á haustönn. Takmörk eru fyrir því hve margar námsbrautir skólinn getur boðið upp á við óbreyttan nemendafjölda þannig að reksturinn geti verið í jafnvægi. Minnkandi árgangar á norðanverðum Vestfjörðum þýðir minnkandi aðsókn að skólanum sem svo leiðir til þess að námsframboð skólans minnkar. Við þessu verður skólinn að bregðast með markvissum aðgerðum og hefur reyndar gert það eins og fram hefur komið.

## 5. Kennslumagn

Kennslumagn frá 2003 til 2007 er birt hér í töflu 3.

Tafla 3. Kennslustundir vor- og haustannar 2003-2007 og innritaðir ársnemendur eftir töflubreytingar.

	20031	20032	20041	20042	20051	20052	20061	20062	20071	20072
Dagskóli	544	572	619	625	634	676,5	675,5	584	592,5	578
Dreifnám	0	0	0	0	0	0	0	0	26	27
Starfsbraut	94	72	66	61,5	61,5	55	64	57,7	65,2	61
Kvöldskóli	64	62	34	41	36	46,4	24	0	0	19
Kest. alls	702	706	719	727,5	731,5	777,9	763,5	641,7	683,7	685
Innr. ársnem.	276	310	321	355	341	320	355	280	268	314

Kennsla í kvöldskóla og á starfsbraut er hér án álags. Á vorönn 2007 voru kenndar samtals 684 kest. Engin kennsla var í kvöldskóla á vorönn. Dreifnám var í fyrsta sinn í boði á vorönn og nam kennslan um 26 kest umreiknað úr greiddum klst. Á haustönn 2007 voru

samtals 578 kest í dagskóla. Í kvöldskóla var kennsla samtals 19 kest en af þeim var helmingur kenndur í dreifnámi en með álagi voru 30,4 kest í kvöldskóla. Kennsla á haustönn nam því samtals 685 kest.

## 6. Starfsmannahald

Á vorönn 2007 störfuðu alls 30 kennarar við skólann og 8 aðrir starfsmenn auk skólameistara og aðstoðarskólameistara. Á haustönninni störfuðu alls 32 kennarar við skólann og deildu með sér 28 stöðugildum en þar af einu stöðugildi í dreifnámi. Aðrir starfsmenn voru 14 og er þá Björn Teitsson fyrrverandi skólameistari talinn með en hann hóf ritun Sögu Menntaskólans nú í haust og miðar verkinu vel.

Þrjú kennarar létu af störfum við skólann í haust. Það voru þau Agnes Karlsdóttir, Helga Guðmundsdóttir og Valdimar Jón Halldórsson. Ingibjörg Ingadóttir fékk launalaust leyfi til eins árs. Margrét Sæunn Hannesdóttur sem gegndi starfi bókavardar síðastliðinn vetur hætti nú en hún leysti Katrínu Gunnarsdóttur af sem tekur nú aftur við sínu fyrra starfi.

Sex nýir kennarar voru ráðnir við skólann við upphaf haustannar: Catherine Mercy sem kennir frönsku, Gunnar Pétur Garðarsson sem kennir viðskipta- og hagfræðigreinar ásamt stærðfræði og líffræði, Kristjana Einarsdóttir sem kennir líffræði, Margrét Skúladóttir sem kennir hár- og snyrtigreinar, Monica Mary Macintosh sem kennir ensku og Sólrún Geirsdóttir sem kennir þýsku.

Samstarfsnefnd skólans sem fjallar um kjaramál kennara var sammála um að rétt væri að fjölga sviðsstjórástöðum við skólann sem einnig var niðurstaða kennarafélagsins. Skipan í sviðsstjórástöður er nú þessi: Emil Ingi Emilsson sem kennir íslensku og starfsnámsgreinar er áfram sviðstjóri sérkennslu eins og verið hefur í allmörg ár. Guðmundur Einarsson verður sviðstjóri í vélstjórnargreinum. Hallgrímur Hróðmarsson sem kennir einkum stærðfræði og eðlisfræði verður áfram sviðstjóri í stærðfræði og viðskipta- og hagfræðigreinum. Hildur Halldórsdóttir aðstoðarskólameistari sem kennir jafnframt jarðfræði og líffræði, verður sviðstjóri raungreina. Hrafnhildur Hafberg sem kennir íslensku og ensku, verður áfram sviðstjóri í íslensku. Hermann Níelsson íþróttakennari, verður sviðstjóri íþróttagreina. Ingi Þór Ágústsson sem kennir sjúkraliðagreinar verður sviðstjóri þeirra greina. Margrét Skúladóttir sem kennir hár- og snyrtigreinar mun sjá um allt er varðar aðstöðusköpun fyrir sérgreinar brautarinnar. Rúnar Helgi Haraldsson sem kennir samfélagsgreinar og upplýsingatækni verður áfram sviðstjóri í samfélagsgreinum. Tryggvi Sigtryggsson er sviðstjóri í málmiðngreina og Þröstur Jóhannsson er sviðstjóri tréiðngreina. Námsráðgjafar voru þeir sömu og áður, þær Guðrún Stefánsdóttir og Stella Hjaltadóttir.

Arndís Björnsdóttir kom nú aftur til starfa á haustönn eftir ársleyfi og kenndi dönsku eins og áður. Stefán Gunther kom einnig aftur til starfa á haustönn eftir fæðingarorlof og kenndi ensku í hálfu starfi. Aðrir fastráðnir kennarar sem héldu áfram störfum voru Andrea Harðardóttir sem kenndi sögu og félagsfræði, Brynjar Viborg sem kenndi landafræði, jarðfræði og sögu, Jóhann Kristjánsson kenndi raungreinar, grunnteikningu og stærðfræði og var einnig umsjónarmaður heimavistar ásamt Arndísi Björnsdóttur; Rán Höskuldsdóttir sem kenndi íslensku og lífsleikni og Þorsteinn G. Þorsteinsson sem kenndi íslensku og ensku. Dagný Viggósdóttir var áfram ritari skólans. Gísli Halldórsson var fjármálastjóri skólans og Guðni Ásmundsson húsvörður. Hugljúf Ólafsdóttir var áfram matræðskona eins og í mörg undanfarin ár.

Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir og Helga Friðriksdóttir kenndu tvo áfanga á sjúkraliðabraut þegar Ingi Þór Ágústsson tók sér fæðingarorlof hluta af haustönninni. Lárus Valdimarsson og Sigurður Jónsson, sem báðir hafa kennt við skólann áður, komu til kennslu í stærðfræði með stuttum fyrirvara í forföllum Hallgríms Hróðmarssonar síðustu tvo mánuði skólaársins.



## 7. Útskrift

Laugardaginn 26. maí var Menntaskólanum á Ísafirði slitið í 37. sinn. 40 nemendur voru útskrifaðir; 28 stúdentar, 2 sjúkraliðar með skólapróf, 1 úr rennismíði, 2 af 2. stigi vélstjórnar og 7 úr grunnnámi málmíðngreina. Fimmtudaginn 20. des. voru 25 nemendur útskrifaðir; 7 stúdentar, 1 af húsasmíðabraut og 17 af 1. stigi vélstjórnar en í þeirri tölu eru 10 nemar í grunndeild mámiðna. Samtals voru útskrifaðir 36 stúdentar og 4 brautskráðir af verknámsbrautum eða samtals 40 nemendur.

## 8. Þróunarverkefni og önnur sérverkefni

Menntaskólinn á Ísafirði fékk styrk frá menntamálaráðuneytinu úr Þróunarsjóði framhaldsskóla og vegna fullorðinsfræðslu 2007-2008 í eftirtalin verkefni:

Tafla 4. Styrkur til þróunarverkefna frá menntamálaráðuneytinu.

Þróunarverkefni	Samþykkt 2007	Greitt vorið 2007	Til greiðslu vorið 2008
Dreifnám (vor 2007)	500.000	250000	250000
Íslenskukennsla fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku	300.000		
Samfélagstúlkun (vor 2007)	250.000	150000	100000
Stálsmíði (vor 207)	350.000	200000	150000
Brú til náms í framhaldsskóla (haust 2007)	120.000	120000	
Íslenskukennsla fyrir nemendur með annaðmóðurmál en íslensku (haust 2007)	675.000	675000	
<b>Samtals</b>	<b>2.195.000</b>	<b>1.395.000</b>	<b>500.000</b>

Fyrirtæki og sjóðir héldu áfram að styðja myndarlega við skólann m.a. með gjöfum til tækjakaupa. Landsamband Íslenskra Útvegsmanna færði skólanum að gjöf eina milljón króna til styrktar vélstjórnarbraut skólans. Á haustönninni var veitt úr sjóði vélstjóraráfélagsins á Ísafirði til kaupa á vélahermi fyrir vélstjórnarbraut.

Þjálfun afreksíþrótta við MÍ var haldið áfram annað árið í röð. Hermann Níelssonar íþróttakennari hefur haft veg og vanda af uppbyggingu afreksíþrótta í samstarfi við Íþróttakademíuna í Reykjanesbæ. Um 30 nemendur æfa og þjálfu hinar ýmsu afreksíþróttir samhliða náminu í skólanum. Mörg fyrirtæki og félagasamtök styrktu þetta verkefni með gjöfum sem nema samtals kr. 450.000 eins og sést í töflu 5.

Tafla 5. Aðrir styrkir og gjafir.

Styrktaraðilar/gefendur	Lýsing	Upphæð
Gjöf frá 20 ára stúdentum	Ótilgreint	72.000
Gjöf frá 10 ára stúdentum	Ótilgreint	16.000
Fjölmenningarsetur/Byggðastofnun	Samfélagstúlkun	700.000
Háskóli Íslands-endurmenntun	Námskeið fyrir kennara	33.730
Landssamband ísl útvegsmanna	Styrkur til vélstjórnargreina	1.000.000
Styrktarsjóður Vélstjóraráfélags Ísafjarðar	Styrkur til vélstjórnargreina	1.512.166
Héraðssamband Vestfirðinga	Afreksíþróttabraut	75.000
Glitnir banki hf,útibú 556	Afreksíþróttabraut	25.000
3X Technology ehf.	Afreksíþróttabraut	25.000
Landsbanki Íslands hf,aðalstöðv.	Afreksíþróttabraut	25.000
Sparisjóður Vestfirðinga	Afreksíþróttabraut	161.024
Sparisjóður Vestfirðinga	Afreksíþróttabraut	250.000

Hraðfrystihúsið - Gunnvör hf	Afreksípróttabraut	25.000
Íþróttá- og Ólympíusamband Ísl.	Afreksípróttabraut	25.000
	<b>Samtals</b>	<b>3.944.920</b>

Þróunarverkefnið ”Uppbygging náms og kennslu í samfélagstúlkun” er samstarfsverkefni Menntaskólans á Ísafirði og Fjölmenningarseturs. Þetta verkefni er alveg nýtt og hefur ekki verið gert áður. Styrkur hefur fengist í þetta verkefni frá Byggðastofnun fyrir kr. 700 þús. Umsjónarmaður verkefnisins er Rúnar Helgi Haraldsson, mannfræðingur og framhaldsskólakennari við Menntaskólann Ísafirði. Kennsla í Samfélagstúlkun, hófst um miðjan september. Umsókn um uppsetningu brautarinnar liggur fyrir í menntamálaráðuneytinu.

Umsjónarmaður brautarinnar hefur veitt og mun veita þeim starfsmönnum sem að verkefninu koma viðeigandi fræðslu eftir því sem við á. Umsjónarmaður sér til þess að halda saman gögnum og upplýsingum um framgang verksins og að styrktar- og samningsaðilum berist skýrsla um verkefnið. Mikil áhersla var lögð á að ná til nemenda á Vestfjörðum og Austurlandi fyrst um sinn. Með það í huga var leitað eftir samstarfi við Þekkingarnet Austurlands um framkvæmd þessa verkefnis. Af 21 nemendum sem innritaði sig í námið sl. haust luku 15 prófi. Fimm nemendur búsettir Austfjörðum hófu nám og þá eingöngu sem fjarnámsnemendur en 4 þeirra luku prófi.

Í fyrsta sinn var boðið upp á grunnám hársnyrtigreina við skólann en 10 nemendur eru skráðir þar á haustönn. Kennslan fór fram á hárgreiðslustofunni Ametyst hér í bæ en eigandi hennar, Margrét Skúladóttir, sá um kennsluna. Á sjúkraliðabraut var 21 nemandi skráður, 6 nemendur voru skráðir á starfsbraut en síðan voru tveir færðir til, annar á snyrtibrautina og hinn á málmiðnbraut. Einungis einn nemandi sótti um nám í grunndeild rafiðna og féll því kennslan niður í rafiðngreinum annað árið í röð. Auglýst var eftir kennara í rafiðngreinum um vorið en engar umsóknir bárust um stöðuna.

Skólinn hefur í samstarfi við Rauða kross Íslands boðið uppá nám fyrir sjálfboðaliða sem nýtist þeim í starfi sem stuðningsaðilar fyrir þá sem þurfa á aðstoð að halda í samfélaginu t.d. aldraða, öryrkja og fólk af erlendum uppruna. Um er að ræða 3 anna nám sem nemur 6 einingum. Gert er ráð fyrir að nemendur sækji ýmis námskeið á vegum RKÍ og skólans. Um er að ræða grunnnámskeið fyrir sjálfboðaliðana og fræðslu um hugsjónir RKÍ, námskeið sem ætlað er öllum sem vilja vinna gegn hvers kyns fordómum og mismunun gagnvart minnihlutahópum og námskeið í almennri skyndihjálpi. Eftir að hafa lokið þátttöku á námskeiðunum býðst nemendum að velja á milli ýmissa verkefna sem tengjast áhugasviðum þeirra t.d. að fara í framhaldshóp í skyndihjálpi, neyðarvörnum eða starfa sem heimsóknarvinir.

Skólinn tekur nú árlega þátt í nemendaskiptaverkefni með frönskum menntaskóla.

Gerður hefur verið samningur við Björn Teitsson fyrrum skólameistara skólans um að hann taki að sér að rita sögu Menntaskólans á Ísafirði. Ritnefnd hefur einnig verið skipuð en í henni sitja fulltrúar kennara, eldri nemenda, þeirra nemenda sem stunda nám við skólann nú og jafnframt fulltrúi þeirra sem komu að stofnun skólans. Björn mun heimsækja skólann í byrjun september og hefjast handa við efnisöflun. Gert er ráð fyrir að verkinu ljúki á fertugasta starfsári skólans sem hefst á haustönn 2009.

## 9. Endurbætur á húsakynnum

Frekara átak hefur verið gert í ferilmálum fatlaðra við skólann. Lokið er við bæta aðgengi frá bóknámshúsinu og yfir í mötuneyti. Skábrautir hafa verið lagðar utandyra og innan og sett upp lyfta á heimavist. Aðgengi að bókasafni hefur einnig verið bætt. Vinnuaðstaða ritara hefur verið stækkuð og ný innrétting fengin. Unnið er að endurbótum á skólastofum. Skipt var um dúk í mötuneyti skólans og nýjar gardínur settar upp.

## 10. Sjálfsmat

Unnið er eftir sjálfsmatsáætlun sem var unnin á haustönn 2006 og skilað til menntamálaráðuneytis í desember 2006. Sjálfsmatsáætlunin verður endurskoðuð við upphaf vorannar 2008. Gert er ráð fyrir að sjálfsmatskýrslu verði send til Menntamálaráðuneytisins í lok júní 2008.

## 11. Heimasíða

Á heimasíðu skólans <http://www.misa.is> er að finna helstu upplýsingar um skólann. Unnið er að frekari endurbótum á heimasíðunni þannig að hún nýtist nemendum og starfsfólki skólans sem best.

## 12. Heimavist

Á vorönn voru 12 nemendur á heimavist skólans en 17 nemendur á haustönn. Tveir vistarverðir deila með sér hálfu stöðugildi.

## 13. Helstu áherslur og námsframboð 2008

Skólinn nýtur þess að atvinnufyrirtæki og félög iðnaðarmanna á norðanverðum Vestfjörðum hafa styrkt verknámsbrautir skólans með myndarlegum gjöfum og styrkjum til margra ára. Samstarfssamningurinn við 3X-Technology þar sem boðið er upp á frítt húsnæðið, rándýr tæki, háþróaðar tölvustýrðar vélar og allt efni er skólanum að kostnaðarlausu skiptir hér sköpum um að hægt sé að bjóða slíkt nám hér. Nú á vorönn bauð Trésmiðjan í Hnífsdal ehf skólanum að kostnaðarlausu aðstöðu hjá fyrirtækinu fyrir húsasmíða- og stálsmíðanema til að vinna í tölvustýrðum fræsara sem nýtist í þeirra námi.

Samfélagið hér kallar eftir nýju námsframboði og sérstaklega viðbótarnámi til sveinsprófs. Með hverjum nemanda sem leita þarf burt fylgja miklir fjármunir úr samfélaginu. Aukið námsframboð verknámsgreina hefur leitt til fjölgunar á nemendum á iðnbrautum. Þetta ásamt aukinni dreifnámsþjónustu ætti að gefa skólanum betra sóknarfæri og laða nemendur að skólanum frá fjarlægari byggðum Vestfjarða.

Nemendagólf upp á 320 ársnemendur hefur ekki nýst til að greiða upp allar skuldir þar sem ársnemendur hafa verið fleiri en gert var ráð fyrir og námsframboð meira. Stálsmíði, snyrtibraut, meistaranám iðnnema og samfélagstúlkun hefur bæst við á árinu án þess að farið hafi verið fram úr fjárheimildum. Gerð hefur verið áætlun um fjölgun starfa vegna aukningar á námsframboði verknámsgreina til sveinsprófs fram til ársins 2010 og er sú áætlun birt hér í töflu 5.

Tafla 5. Áætlun um verknámskennslu til sveinsprófs til 2010.

Iðngrein	Námsár	Einingar				
		2006-2007	2007-2008	2008-2009	2009-2010	
Trésmíði	1.	21	21	21	21	starfsþjálfun
	2.	39	39	39	39	
	3.		0	0	0	
	4.			16	16	
Stöðugildi		2,5	2,5	3,2	3,2	
Málmsmíði	1.	28	28	28	28	starfsþjálfun
	2.	22	22	22	22	
	3.		40	40	40	
	4.			0	0	
Stöðugildi		2,1	3,8	3,8	3,8	
Rafvirkjun	1.			26	26	starfsþjálfun
	2.			0	31	
	3.				0	
	4.				0	
Stöðugildi		0,0	0,0	1,1	2,4	
Hár- og snyrtibraut	1.	0	18	18	18	
	2.			20	20	
	3.					
	4.					
Stöðugildi		0,0	0,8	1,6	1,6	
Grunnnám matvæla og veitingagreina	1.	0	0	0	9	
	Stöðugildi		0,0	0,0	0,0	0,4
<b>Stöðugildi alls</b>		<b>4,6</b>	<b>6,3</b>	<b>8,0</b>	<b>11,3</b>	

Mikilvægt er að skólinn fái að halda 320 nemenda gólfi a.m.k. til ársins 2010 meðan uppbygging á verknámsbrautum og dreifnámi stendur yfir.

Í skólasamninginn þarf að bæta við eftirtöldum námsbrautum:

Hársnyrtiiðnbraut  
 Iðnmeistarapróf  
 Samfélagstúlkun  
 Stálsmíði  
 Vélstjórn til 1500 kW réttinda

Á haustönn 2008 hyggst skólinn bjóða vélstjórnarnám 3ja stigs, námstig B, sem veitir réttindi á vélasterð allt að 1500 kW. Ekki er gert ráð fyrir öðrum kostnaði en vegna kennslu sérgreina sem nemur 12 kst. á önn og fjölgun leyfa í vélahermi um tvö. Vilyrði hefur þegar fengist hjá eigendum fiskiskipa á Ísafirði um að nýta þau til kennslu í vélfræðigreinum, skólanum að kostnaðarlausu. Vélarúm skipana koma í staðinn fyrir fullkominn vélahermi og húsnæði undir hann. Ljóst er að án þessa stuðnings gæti skólinn ekki haldið úti þessu brautum þar sem stækka hefði þurft verknámshúsið um 600 m<sup>2</sup> og fjármagna tækjakaup fyrir tugi milljóna.

**Grunnnám rafiðna** hefur legið niðri annað árið í röð. Ekki fékkst kennari í stað Gylfa Gunnarssonar sem lét af störfum á vorönn 2006. Gera þarf ráð fyrir auknum kostnaði við tækjakaup ef þetta nám verður í boði á næsta ári.

**Matartækninám** þyrfti að taka upp aftur og þá ekki seinna en á haustönn 2009. Námið yrði með breyttu sniði fá því sem áður var.

**Starfsbraut.** Einn hópur var hér með 6 nemendum á vorönn og 3 haustönn. Tveir nemendur af starfsbraut voru færðir á verknámsbrautir; stúlka á hársnyrtibraut og drengur á málmíðnibraut. Í útibúi skólans á Reykhólum var einn nemandi báðar annir.

## 14. Sérverkefni

### Innleiðing gæðastjórnunar

Vegna nýrra skilgreininga brauta á grundvelli laga um atvinnuréttindi á vélstjórnarbrautum og vegna alþjóðlegra réttinda (STCW) þarf skólinn að taka upp gæðavottunarkerfi. Til að byrja með er ljóst að vottunin verður að fara fram undir handleiðslu Fjöltækniskólans. Vinna að undirbúningi þessa verkefnis er þegar hafin. Skólinn hefur þegar óskað eftir stuðningi vegna innleiðingar **gæðastjórnunar (ISO 9001)** sem nemur 25% af stöðu aðstoðarstjórnanda frá haustönn 2008. Að auki er óskað eftir styrk fyrir öðrum kostnaði aðkeyptum sem samkvæmt upplýsingum frá Fjöltækniskólanum gæti verið allt að kr. 1.500 þús. Stefnt er að því að þessu verki verði lokið á haustönn 2010 og þá verði allt nám við Menntaskólann á Ísafirði með vottað gæðastjórnunarkerfi. og er vinna að undirbúningi þessa verkefnis þegar hafin. Skólinn óskar eftir stuðningi vegna innleiðingar **gæðastjórnunar (ISO 9001)** sem nemur 25% af stöðu aðstoðarstjórnanda frá haustönn 2008. Að auki er óskað eftir styrk fyrir öðrum kostnaði aðkeyptum sem samkvæmt upplýsingum frá Fjöltækniskólanum gæti verið allt að kr. 1.500 þús. Stefnt er að því að þessu verki verði lokið á haustönn 2010 og þá verði allt nám við Menntaskólann á Ísafirði með vottað gæðastjórnunarkerfi.

### Dreifnám

Dreifnám sem hófst á vorönn 2007 er enn í mótun. Kennslan nam einu stöðugildi framhaldsskólakennara. Menntamálaráðuneytið hefur styrkt dreifnámið sérstaklega en sá styrkur dugur ekki fyrir kennsluþættinum né stjórnunarhlutanum. Flestir kennarar bjóða áfanga í dreifnámi. Mikilvægt er að skólinn geti sinnt dreifnámsþjónustu við nemendur, sem af einhverjum ástæðum geta ekki sótt allar kennslustundir eða jafnvel engar. Gera þyrfti ráð fyrir 25% viðbótarstöðu í dreifnámi á næsta ári til viðbótar þeim 25% sem voru settar í þetta átak á haustönn 2007. Viðræður eru hafnar við Fræðslumiðstöð Vestfjarða um að sameinast um dreifnámsstjóra í fullri stöðu. Mikilvægt er að menntamálaráðuneytið sínu þessu skilning og styðji við þetta verkefni enda ætti þetta aukna námsframboð að skila fleiri nemendum í skólann.

### Námskrárgerð og samskipti við aðra skóla

Í kjölfar væntanlegrar samþykktar á frumvarpi til laga um framhaldsskóla mun fylgja umfangsmikil vinna við námskrárgerð og við uppstokkun á áfangakerfinu. Þessi vinna, sem krefst 12-15 stöðugilda, mun standa yfir næstu þrjú árin samkvæmt upplýsingum frá menntamálaráðuneytinu. Vegna landfræðilegrar stöðu skólans hefur verið afar kostnaðarsamt að vera í faglegum samskiptum við aðra skóla. Skólastjórnendur og kennarar hafa í auknum mæli haft samvinnu um faglega þætti skólastarfsins. Slíkt samstarf þarf að auka. Skólinn óskar eftir því að menntamálaráðuneytið leggi skólanum til starfsmann sem nemur einu stöðugildi í vinnu við námskrárgerð frá og með haustönn 2008. Bent er á að innan skólans er að finna starfsmenn sem hafa sérhæft sig í skólanámskrárgerð og einnig að námsframboð skólans spannar flesta áfanga framhaldsskóla í bóknámi og verknámi.

## 15. Lokaorð

Skólastarfið í MÍ gekk almennt vel að mínum dómi. Starfsmenn eru áhugasamir og samstíga um uppbyggingu skólastarfsins. Nemendur virðast einnig vera ánægðir með skólann sinn. Umsnúningur hefur orðið í rekstri skólans en hagnaður hefur ekki náð að greiða upp allar skuldir fyrri ára. Mikilvægt er að skólinn fái áframhaldandi stuðning svo hann geti staðið undir þeim væntingum sem samfélagið gerir til hans og hann verði þá betur í stakk búinn til að sporna gegn fækkun nemenda sem fyrirsjáanleg er án sértækra aðgerða.

Ísafirði 1. apríl 2008,

---

Jón Reynir Sigurvinsson  
skólameistari